

Gróðurfar og fuglalíf á veglínunum við Hörgsá á Síðu

Kristbjörn Egilsson og Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Vegagerðina

NÍ-98030

Reykjavík, desember 1998



Náttúrufræðistofnun Íslands



EFNISYFIRLIT

bls.

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 STADHÆTTIR	3
3 GRÓÐUR	4
3.1 Vegarstæðið við Hörgsá	4
3.2 Háplöntuflóra	5
4 FUGLAR	5
5 NIÐURSTÖÐUR	5
6 RITASKRÁ	7
1. VIÐAUKI. Flóra við Hörgsá á Síðu	8
TÖFLUR	
1. tafla. Fuglar á athugunarsvæðinu við Hörgsá í október 1998	5
MYNDIR	
1. mynd. Hringvegur um Hörgsá á Síðu	11
2. mynd. Hringvegur um Hörgsá á Síðu. Yfirlit fyrir leiðarval 1–4	12

1 INNGANGUR

Hinn 29. júní 1998 fór Vegagerðin þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún gerði áætlun um rannsóknir á gróðurfari og dýralífi (fuglum) við Hörgsá á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu vegna lagningar nýs vegarkafla á Hringvegi (þjóðvegi 1).

Í bréfi dagsettu 6. júlí 1998 sendi Náttúrufræðistofnun Íslands Vegagerðinni eftirfarandi upplýsingar um fyrirliggjandi gögn og áætlun um rannsóknir:

„*Gróðurfari*: Gróðurkort eru ekki til af svæðunum. Engar ritaðar heimildir eru til um flóru og ekki hefur verið farið um ofangreind svæði til að kanna tegundafjölbreytni plantna svo kunnugt sé. Einungis eru tiltæk gögn um útbreiðslu háplantna í 10x10 km reitum í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar.

Til þess að gera fullnægjandi grein fyrir gróðurfari svæðisins þarf að mati Náttúrufræðistofnunar að:

- Fara um svæðið og kortleggja gróður í mælikvarða 1:5000–1:10000.
- Fara um svæðið og skrá tegundasamsetningu gróðurlenda sem þar finnast og leita uppi staði þar sem gróðurfari er sérstætt á einhvern hátt. Þessum stöðum verður lýst, metin tengsl svæðanna við næsta nágrenni og gerð grein fyrir gildi þeirra á héraðs- og landsvísu.
- Skrá allar háplöntur sem finnast og safna sýnum af mosum ef þurfa þykir, en þá þarf að greina til tegunda undir smásjá.

Fuglar: Náttúrufræðistofnun á engin gögn til í gagnabanka um fuglalíf á ofangreindum svæðum. Of seint er að láta kanna fuglalíf þegar komið er fram í júlí til að ná fullnægjandi árangri. Stofnunin mælir því með að slík könnun fari fram vorið 1999 (eftir 25. maí) og er tilbúin að gera tillögur og kostnaðaráætlun um þær rannsóknir síðla næsta vetur.”

Vegagerðin óskaði eftir minni upplýsingaöflun en Náttúrufræðistofnun lagði til. Vegagerðin lagði áherslu á að fá yfirlit yfir tegundafjölbreytni háplantna, að gróðurlendi yrðu skoðuð og reynt að meta gildi þeirra án þess að gróðurkort yrði gert. Einnig var farið fram á að afla upplýsinga um fuglalíf að hausti og fá upplýsingar um varpfugla svo sem kostur væri frá heimildarmönnum á svæðinu. Samningur um verkið var undirritaður 14. september 1998. Gert var ráð fyrir að gróðurrannsóknir og athugun á fuglalífi færu fram haustið 1998.

Samstarfsmenn og tengiliðir fyrir hönd Vegagerðarinnar voru Helgi Jóhannesson og Jón Helgason.

2 STAÐHÆTTIR

Svæðið sem hér er fjallað um liggur undir Keldunúpi við Hörgsá. Landið sem áformaður vegur gæti legið yfir er að mestu gróið flatlendi sem er neðan við myndarlega malarhjalla.

Vegagerðin hefur látið teikna áætlaða veglínu inn á loftmynd (1:5000), en gert var ráð fyrir að endanleg veglína gæti færst til um allt að 200 m til norðurs eða suðurs frá línunni sem merkt er inn á loftmyndina. Þessi mynd var notuð á vettvangi og til viðmiðunar við lýsingu á gróðurlendum (1. mynd).

Í desember 1998 hafði Vegagerðin teiknað inn á loftmynd af svæðinu fjórar veglínur sem til greina geta komið við veglagninguna. Nokkur munur er á veglínunum þessum miðað við línuna sem notuð var til hliðsjónar þegar farið var á vettvang haustið 1998. Sambærilegar upplýsingar eru því ekki til staðar af öllum veglínunum fjórum (2. mynd).

3 GRÓÐUR

3.1 Vegarstæðið við Hörgsá

Þar sem áætlað er að nýr vegur byrji vestast á svæðinu (1. mynd) er nokkuð fjölbreyttur gróður. Vallendi virðist vera ríkjandi gróðurlendi og eru hálíngresi, túnvingull, blávingull, skariffill, gulmaðra, hvítmaðra, brennisóley og brjóstagrass áberandi. Þar sem er deigara vaxa hrossanál og mjaðurt.

Leiðin liggur síðar neðan við grasivaxna malarhjalla sem standa milli Hringvegur og Hörgsár. Þar er fjölgresi mikið. Áberandi eru ilmreyr, túnvingull, hálíngresi, týtulíngresi, lambagrass, ljónslappi, gulmaðra, hvítmaðra, vellefting, vallhæra, grasvíðir og blóðberg.

Neðan við hjallana er fjölbreytt votlendi. Í mýri vaxa m.a. mýrastör, mýrelfting, mýradúnurt, hrafnaklukka, engjarós, mýrfjóla, hálíngresi, hófsóley, mjaðurt, vallarsveifgrass og klóelfting. Geithvönn og umfeðmingur eru á stöku stað. Sumstaðar er blautara og þar má finna flóabletti vaxna gulstör, vatnsnál, hengistör, horblöðku og mýradúnurt. Í tjörnum eru grasnykra og þráðnykra. Á milli þar sem landið stendur örlítið hærra vaxa m.a. hrossanál, mjaðurt, gulmaðra og krossmaðra.

Næst ánni eru eyrar. Þar er gisinn gróður en tegundafjölbreytni nokkur. Áberandi eru túnvingull, vegarfi, tágamura, hvítmaðra, skariffill, hvítsmári, kornsúra, holurt, hrossanál, blávingull, gullmura, brennisóley, grávíðir, hvítmaðra, melablóm, skriðlíngresi og blóðberg.

Niður með Hörgsá að austanverðu er upphækkaður vegur eða varnargarður sem hindrar að áin þvælist mikið til austurs enda má sjá að áreyrarnar handan vegarins eru tiltölulega vel grónar. Mest áberandi gróðurlendið austan við Hörgsá er graslendi. Þar ríkja hálíngresi, týtulíngresi, túnvingull, vallarsveifgrass, gulmaðra, hvítmaðra, hvítsmári, vegarfi, tágamura, hrossanál og ilmreyr. Á milli eru lænur og í þeim er votlendisgróður.

Síðan tekur við land sem hefur verið ræst fram. Þar hefur mýrum verið breytt í deiglendi eða graslendi. Áberandi eru hálíngresi, snarrótarpuntur, hálíðagrass, tágamura, skriðlíngresi, hundasúra, skariffill, hvítsmári og klóelfting. Á hluta þessa svæðis hefur verið ræktað tún.

3.2 Háplöntuflóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerð eyðublöð. Alls fundust 83 tegundir. Talið er að á Íslandi vaxi 458 tegundir að meðtöldum 20 tegundum undafífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989). Á rannsóknasvæðinu er því að finna um 18% íslensku flórunnar. Í 1. viðauka er listi yfir þær tegundir háplantna sem voru skráðar eða safnað á svæðinu. Allar háplöntutegundir sem fundust á svæðinu eru algengar á landsvísu.

4 FUGLAR

Fyrirhugað framkvæmdasvæði við Hörgsá var heimsótt þann 13. október 1998. Gengið var um svæðið til að athuga hvers konar búsvæði fyrir fugla eru þarna og til að skrá fugla að hausti.

Á athugunarsvæðinu við Hörgsá á Síðu voru skráðar 5 tegundir fugla (1. tafla). Stokkandarpar sást við Hörgsá og ein á flugi. Álfatarpar með einn unga var við ósa Hörgsár. Sjö hettumáfar og fjórar toppendur voru á flugi við Breiðbalakvísl. Svartbakur, einn ungfugl, flaug yfir athugunarsvæðið.

1. tafla. Fuglar á athugunarsvæðinu við Hörgsá í október 1998

Tegund	Fuglar sem sáust
Álf	x
Stokkönd	x
Toppönd	x
Hettumáfur	x
Svartbakur	x
Samtals	5

5 NIÐURSTÖÐUR

Fyrirhugað er að leggja nýjan veg á u.þ.b. 2,8 km löngum kafla. Þar er land allvel gróið og ástand gróðurs gott. Helstu gróðurlendin eru, eftir því sem best verður séð án þess að hafa tiltækt gróðurkort af svæðinu eru, graslendi, mýrastara- og gulstaramýrar, bersvæðisgróður (áreyrar) og tún.

Samtals fundust 83 háplöntutegundir. Engin þeirra telst sjaldgæf á landsvísu. Hins vegar ber að hafa í huga að plöntuskoðunin fór fram eftir miðjan september, þannig að líklegt er að nokkrar tegundir vanti á listann.

Þegar farið var á vettvang í október voru tiltölulega fáir fuglar á svæðinu. Þeir héldu sig aðallega á ám en engir voru á fyrirhuguðu vegarstæði. Alls sáust 5 tegundir á svæðinu. Ofangreindar athuganir á fuglalífi gefa ekki fullnægjandi yfirlit yfir fuglalífið á framkvæmdasvæðinu. Ef athuga á varpfugla þarf til þess að minnsta kosti tvær heimsóknir, eina í síðari hluta maí og aðra um miðjan júní.

Svæðið austan við Hörgsá er meira og minna raskað af mannavöldum og skiptir ekki máli hvar vegurinn mun liggja um það hvað varðar gróðurfar og fuglalíf. Þetta á við leiðir 1, 2, 3 og austasta hluta leiðar 4 þar sem hún fer yfir framræst land og tún. Upplýsingar um leið 4 milli Hörgsár að vestasta skurðinum skortir en þessi hluti leiðarinnar er á jaðri athugunarsvæðis. Af loftmyndinni að dæma virðist svæðið vera tiltölulega óraskað (2. mynd).

Annað gildir um svæðið vestan Hörgsár. Áin, gróskumikið votlendi og grasivaxnir hjallar mynda samfellda heild sem nú nýtur kyrrðar í hléi frá þjóðvegi. Verði vegur lagður (leið 4) rofnar þessi heild og spillir heildarsvip svæðisins. Stór hluti gróna landsins er óskert votlendi. Ekki verður séð að hægt verði að leggja veginn án þess að raska votlendu.

Leiðir 1 og 2 eiga að liggja á næstum sama stað og núverandi vegur og brú eru staðsett. Þessar leiðir koma til með að hafa minnsta röskun í för með sér og hafa lítil sem engin neikvæð áhrif á gróðurfar og fuglalíf svæðisins.

Leið 3 kemur til með að raska algrónu landi vestan Hörgsár, bæði þurrlandi og votlendi. Vandasamt getur verið að leggja veginn svo vel fari niður af hjöllum og síðan yfir votlendið neðan þeirra að ánni. Austan árinna mun vegurinn hins vegar liggja yfir meira og minna mangert land sem er yfirleitt ágætlega gróið. Vegur á leið 3 mun að mestu hlífa hjöllum og skerða votlendið minna en leið 4 og er því skárri kostur.

Leið 4. Þetta er lengsta leiðin, tæpir 3 km, sem jafnframt fer yfir fjölbreytt og að mestu óraskað land vestan Hörgsár. Leið 4 er ætlað að liggja neðan við hjallana á algrónu landi, bæði þurrlandi og votlendi austur að Hörgsá. Vegur um þennan hluta leiðar 4 (vestan Hörgsár) mun valda mestri röskun á gróðri og búsvæðum fugla, einkum þeirra fugla sem nýta votlendið. Lagst er gegn því að leggja veg á þessum hluta leiðarinnar.

Nákvæmar upplýsingar vantar um gróðurfar á hluta leiðarinnar frá austurbakka Hörgsár austur að skurðum. Því er ekki hægt að taka afdráttarlausu afstöðu með eða móti vegi þar. Þó má segja að líkur benda til að landið sé algróið. Frá skurðum og að núverandi þjóðvegi er landið meira og minna mangert.

Efnistaka. Þegar athuganir fóru fram lá ekki ljóst fyrir hvar taka átti efni í veginn en greinilega þarf mikið efni til að byggja hann upp. Brýnt er að fara með gát við efnistöku. Lagt er til að efni verði ekið inn á svæðið á þeim stöðum sem veglínan liggur í graslandi og votlendi.

Uppgræðsla í vegköntum. Við uppgræðslu vegkanta er mælt með að nota aðferðir sem stuðla að því að gróður í vegköntum verði sem líkastur gróðri í nágrenninu (grenndargróðri).

Frekari rannsóknir. Náttúrufræðistofnun telur ekki nauðsynlegt að gera frekari athuganir á gróðurfari og fuglalífi á leiðum 1, 2 og 3. Ef leið 4 verður valin telur Náttúrufræðistofnun hins vegar nauðsynlegt að athuga fuglalíf á þeirri veglínu á

varptíma. Einnig þarf að skoða gróður á svæðinu austan við Hörgsá að ræktaða landinu. Bent er á að e.t.v. þurfi að gera úttekt vegna jarðfræðiminja.

6 RITASKRÁ

Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undaflar I–III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 10. 502 bls.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

1. viðauki

Flóra við Hörgsá á Síðu

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Hálfíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Klóffía	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>
Kossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Hvítmáðra	<i>Galium normanii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Maríuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloë odorata</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Skariffíll	<i>Leontodon autumnalis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Iyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>

frh.

1. viðauki frh.


Flóra við Hörgsá á Síðu


Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Þráðnykra	<i>Potamogeton filiformis</i>
Grasnykra	<i>Potamogeton gramineus</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>
Hnúskakrækill	<i>Sagina nodosa</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>
Túnfíflar	<i>Taraxacum</i> spp.
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>
Umfeðmingsgras	<i>Vicia cracca</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>


Fjöldi tegunda: 83 (auk ættkvíslar túnfífla)


Tegundunum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Með íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986).

1. mynd. Hringvegur um Hörgsá á Síðu



 VEGAGRIÐIÐ Reykjavík og Ísland	Tölur Símanúmer Símanúmer
	Símanúmer Símanúmer Símanúmer
Hringvegur um Hörgsá á Síðu	Tölur Símanúmer



 VEGAGERÐIN B eyðamýri 2, 800, Selfossi	Teiknað
	Hannað
	Yfirliðuð
	Samf.
Hringvegur um Hörgsá á Síðu	Lár. M. 1:xxxx
Yfirlit fyrir leiðarval, 1-4	Lókr. M.
	Ösk nr.
	Teikn. nr.